

## Norðurálmót 7. flokks karla á Akranesi

Norðurálmótið á Akranesi er knattspyrnumót fyrir kraftmikla stráka í 7. flokki, sem koma til að skemmta sér í leik og keppni. Allir þjálfarar, fararstjórar og fjölskyldur keppenda eru velkomnir á Skagann með strákunum. Á síðasta ári kepptu á mótinu 144 lið frá 27 félögum. Mótið er ætlað strákum fædda árin 2007 og 2008.

**Norðurálmótið á Akranesi verður haldið helgina 19. - 21. júní 2015.**

### SKRÁNING

Félög skulu skrá liðin á mótið með því að **senda inn skráningarupplýsingar og greiða skráningargjald**. Þegar hvoru tveggja er uppfyllt, þá er skráningin gild. Tengilið berst tilkynning um gilda skráningu frá mótsstjórn þegar hún hefur mótttekið bæði skráningarupplýsingar og greiðslu skráningargjalds.

Um forgangs röðun inn á mótið gildir sú regla að “fyrstur kemur (gild skráning) fyrstur fær” á meðan pláss er á mótinu. Þó hefur mótsnefnd alltaf lokaorðið ef vafamál koma upp.

Skráning fer fram á heimasíðu mótsins <http://www.kfia.is/norduralsmot/> eða með því að senda skráningu á [norduralsmot@kfia.is](mailto:norduralsmot@kfia.is) Skal hún innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn félags
- Fjölda þátttakenda
- Fjölda liða
- Tengiliður: Nafn, netfang og símanúmer
- Þjálfari: Nafn, netfang og símanúmer
- Annað sem félag vill koma á framfæri

### Skráning hefst mánudaginn 2. mars 2015

### SKRÁNINGARGJALD LIÐA

**Skráningargjald er kr. 14.000 fyrir hvert lið** (ekki félag) og skal **greiða það samhliða skráningartilkyningu** í einni greiðslu frá hverju félagi.

Innifalið í skráningargjaldi hvers liðs er einn matarpakki fyrir fylgdarmann. Miðað skal við að minnst níu leikmenn séu í hverju skráðu liði.

Skráningargjaldið greiðist inn á reikning 0552-14-400883 kt. 500487-1279. Sendið kvittun á [norduralsmot@kfia.is](mailto:norduralsmot@kfia.is) og munið að taka fram fyrir hvaða félag er verið að greiða.

**Skráningargjald er óafturkræft og verður ekki dregið frá öðrum greiðslum.**

### ÞÁTTÖKUGJALD KEPPENDA

**Þáttökugjald** hvers keppanda á Norðurálmótið er **kr. 14.000** og skal **greiða það 2 vikum fyrir upphaf móts** í einni greiðslu frá hverju félagi. Innifalið í gjaldinu: Gisting í skólastofu í tvær nætur, kvöldverður á föstudag, morgun-, hádegis- og kvöldverður á laugardag, morgunverður og grillveisla á sunnudag, kvöldskemmtun og þáttökuvíðurkenning.

Þáttökugjaldið greiðist inn á reikning 0552-14-400883 kt. 500487-1279. Sendið kvittun á [norduralsmot@kfia.is](mailto:norduralsmot@kfia.is) og munið að taka fram fyrir hvaða **félag** er verið að greiða.

Ef lið óska eftir að fá matarpakka fyrir aðra fylgdarmenn liðanna þá verður hægt að kaupa þá aukalega á **6.000** kr. stk. í upphafi móts.